

## Hreinsunardagur í Heiðmörk - grill

Miðvikudaginn 2. júní er fyrirhuguð árleg grisjun og fegrun í skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk. Vonast er til að áhugasamir sjái sér fært að taka til hendinni og mæti með sagir og klippur, á tímabilinu kl. 17-21. Boðið verður upp á léttan grillmat að loknu dagsverki. Fyrir þá sem ekki þekkja leiðina að reit félagsins, þá er farið af Suðurlandsvegi inn á Heiðmerk-urveg rétt fyrir austan brúna á Hólmsá. Ekið eftir veginum Hraunslöð, 1,5 km en við hann stendur skiltið Skaftafell þar sem reiturinn er staðsettur.



Úr skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk

## Tónleikaferð Söngfélagsins um Vestur-Skaftafellssýslu

Söngfélagið hyggur á tónleikaferð í Vestur-Skaftafellssýslu helgina 23. – 25. apríl nk. Haldnir verða tónleikar í Kirkjuholi laugardaginn 24. apríl, kl. 20:30 og í Leikskálum sunnudaginn 25. apríl, kl. 15:00. Aðgangseyrir á tónleika kr. 1.000. Einnig verða sungin nokkur lög fyrir vistmenn á dvalarheimilunum á Klaustri og Vík.

## Stjórn félagsins 2003 – 2004

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Erla Ásgeirsdóttir	554 1241	861 9941
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Magnhildur Ólafsdóttir	557 1337	691 3337
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

## Varastjórn

Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

## Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Helga Guðmundssonar til allrar veisluþjónustu um helgar. Sími 820 4381. Helgi rekur auk þess Póstbarinn í Pósthússtræti. Aðrar upplýsingar varðandi útleigu virka daga veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.

## Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: [skaftfellingar@simnet.is](mailto:skaftfellingar@simnet.is)

# Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. apríl 2004

- **Myndakvöld**  
fimmtudaginn  
15. apríl 2004  
kl. 20:30
- **Vortónleikar**  
Söngfélags  
Skaftfellinga  
Háteigskirkja  
laugardaginn  
1. maí 2004, kl. 15
- **Kaffiboð aldraðra**  
Skaftfellinga  
sunnudaginn  
2. maí 2004, kl. 14
- **Aðalfundur**  
Skaftfellinga-  
félagsins  
fimmtudaginn  
13. maí 2004  
kl. 20:30
- **Hreinsunardagur**  
í Heiðmörk  
miðvikudaginn  
2. júní 2004, kl. 17-21
- **Sumarferð**  
Skaftfellinga-  
félagsins  
laugardaginn  
5. júní 2004
- **Skálm**  
Miðvikudaga kl. 19:30  
Laugardaga kl. 10

Endursendist með upplýsingum um  
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

# Vortónleikar

Söngfélag Skaftfellinga  
heldur sína árlegu vortónleika

**laugardaginn 1. maí 2004**  
**kl. 15:00 í Háteigskirkju.**

Á efnisskránni eru innlend og erlend sönglög.

Einsöngvari: Unnur Sigmarsdóttir sópran.

Stjórnandi: Violeta Smid

Píanóleikari: Pavel Manásek

Aðgangseyrir kr. 1.500.

# Myndakvöld

Seinna myndakvöld vetrarins verður haldið í  
**Skaftfellingabúð, fimmtudaginn 15. apríl, kl. 20:30.**

Þá sýna Sigurður Gunnarsson á Hnappavöllum og Sæmundur Alfreðsson ættaður frá Hnappavöllum litskyggnur. Myndir Sigurðar eru frá ýmsum stöðum á Íslandi, en Sæmundur sýnir myndir frá gönguferðum um Alpana. Í boði verða kaffiveitingar á kr. 500.

MUNIÐ AUGLÝSINGAR  
Í DAGBÓKUM DAGBLAÐANNA

## Mýrdalshreppur

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars

## Vorferð Skaftfellingafélagsins

Vorferð Skaftfellingafélagsins verður að þessu sinni farin um Snæfellsnes, laugardaginn 5. júní. Brottför frá Breiðholtskirkju í Mjódd kl. 9. Ekinn verður hringur um Snæfellsnes og litast um á merkjum stöðum. Komið heim að kvöldi. Reiknað er með að fólk taki með sér nesti og greiði sjálft fyrir hádegissúpu og kvöldverð. Áætlaður kostnaður við rútuferð kr. 3.000

Skráning í síma:  
864 3415 (Skúli) eða 891 7354 (Lauga)  
fyrir miðvikudaginn 2. júní.

## Kaffiboð aldraðra Skaftfellinga

Árlegt kaffiboð aldraðra verður haldið í Skaftfellingabúð sunnudaginn 2. maí og hefst kl. 14. Örlygur Hálfðanarson bókaútgefandi les upp úr nýútkominni bók „Úr torfbæjum inn í tækniöld“ þar sem meðal annars segir frá síðustu íbúum á bæjum í Síðuheiðum. Að venju mun Söngfélagið taka nokkur lög auk þess sem slegið verður upp balli með undirleik harmonikku. Veitingar í boði stjórnar félagsins og meðlima Söngfélagsins. Aðgangur ókeypis.

## Aðalfundur Skaftfellingafélagsins

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 13. maí 2004, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178 Venjuleg aðalfundarstörf.



Bæjarstjórn Hornafjarðar  
óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars

## Göngu- og ferðahópurinn Skálm

Skálmað verður áfram á...  
laugardagsmorgnum kl. 10 (2 klst.)  
og á miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.).

Hvernig væri að skella sér í skóna og storma um stíga bæjarins eða trítla á auðklifin fjöll í vorbliðunni?

Síðla í júlí er fyrirhuguð fjögurra daga gönguferð Skálmara frá Lambaskarðshólum í Þórsmörk. Einnig verður farið í styttri gönguferðir í Skaftafellssýslu með útileguívaði.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:  
Ath. breyttan göngutíma á laugardagsmorgnum.

- 17.4: Álftanes – Garðakirkja
  - 21.4: Hafnarfjörður – Fjarðarkaup
  - 24.4: Vífilsstaðavatn
  - 28.4: Grafarvogur – kirkja
  - 1.5: Úlfarsfell
  - 5.5: Laugardalur – sundlaug
  - 8.5: Keilir
  - 12.5: Árbær – sundlaug
  - 15.5: Skálafell
  - 19.5: Norrænahúsið
  - 22.5: Esja
  - 26.5: Garðabær – Garðatorg
  - 29.5: Hengill
  - 2.6: Heiðmörk – hreinsunardagur - grill
  - 5.6: Vífilsstaðahlíð
  - 9.6: Fossvogsdalur – Nauthóll
  - 12.6: Vífilsfell
  - 16.6: Laugardalur – sundlaug
  - 19.6: Helgafell
  - 23.6: Árbær – sundlaug
  - 26.6: Krýsvík
- 2.-4.júlí: Útilega í Þakgil í Mýrdal

## Hugverk sunnlenskra kvenna

Bókaforlagið Þjafi vinnur að gerð bókar með hugverkum sunnlenskra kvenna og er hún væntanleg síðar á árinu. Þjafi gaf í fyrra út bókina Huldumál, hugverk austfirskra kvenna og árið áður var bókinn Djúpar rætur, hugverk þingeyskra kvenna gefin út.

Ritstjóri bókarinnar, Guðrún Ingibjörg Hálfðanardóttir vildi fá að koma því á framfæri til brottfluttra Sunnlendinga að tekið verði á móti efni eftir konur sem hafa fetað slóð sína á Suðurlandi en kvað einnig áhugavert að fá ritverk genginna formæðra sem kunna að leynast í hirslum hér og þar. Í bókinni verði bæði laust mál og bundið, hugverk af öllum gerðum. Hér sé því gullið tækifæri til að koma verkum á prent sem liggja í handröðum og skúffum en einnig verður tekið á móti áður birtu efni. Hún skorar á sunnlenskar konur og afkomendur þeirra að senda efni til birtingar í bókinni. Örstutt æviágrip þurfa að fylgja sem og ljósmynd af höfundum. Hugverk og æviágrip þurfa að berast á tölvutæku formi og skilafrestur til að senda inn efni er til 1. maí. Myndum verður skilað strax eftir að skönnun hefur átt sér stað.

Í ritnefnd bókarinnar sitja konur víðs vegar að úr fjórðungnum. Auk Guðrúnar Ingibjargar sem er frá Seljalandi undir Eyjafjöllum eru Ingibjörg Sigurðardóttir frá Úthlíð í Biskupstungum, Ingibjörg Bergþórsdóttir Selfossi, Bergþóra Þórhallsdóttir Vestmannaeyjum, Guðrún Emilsdóttir Sunnuhlíð, Hrunamannahreppi, Sigurveig Jóna Þorbergsdóttir Hvolsvelli, Jóna S. Sigurbjartsdóttir Kirkjubæjarklaustri og Kristjana Brynja Sigurðardóttir sem á ættir að rekja til Blesastaða á Skeiðum.



Við upptök Þverár í Laxárdal í Nesjum

Sendu má efni beint til ritstjórans, Guðrúnar Ingibjargar (ghald@ismennt.is) s. 898 2779 eða til útgáfunnar (pjaxi@pjaxi.is) s. 565 9320, þar sem allar nánari upplýsingar fást.



Skaftárhreppur  
óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars